

Könnun meðal landeigenda í Strandabyggð vegna endurskoðunar aðalskipulags

Hólmavík, 26. apríl 2022

Kæri landeigandi.

Nú fer fram vinna við endurskoðun aðalskipulags Strandabyggðar 2021-2033. Gefin hefur verið út skipulagslýsing fyrir verkið og er hún aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins. Landmótun sf. var fengin til samstarfs við verkefnið.

Hluti vinnu við endurskoðun aðalskipulags er að fá upplýsingar um núverandi og framtíðarnýtingu lands á svæðinu. Spurningalistar eru sendir á landeigendur og viljum við biðja þig að svara spurningalistanum eins ítarlega og unnt er.

Svara má spurningum hér að neðan. Einnig má senda svör í tölvupósti á kristin@landmotun.is eða á skrifstofu Strandabyggðar, Hafnarbraut 25, 510 Hólmavík. Eyðublaðið er aðgengilegt á www.strandabyggd.is.

Svör óskast fyrir 15. maí n.k.

Með von um góðar undirtektir
F.h. Strandabyggðar,

Vinnuhópur um endurskoðun aðalskipulags.

1. Hvað heitir landareignin og hvert er landnúmerið?

2. Hvers konar landbúnaður er stundaður á landareigninni og hvert er umfang hans (t.d. stærð bústofna eða stærð ræktarlands)?

3. Er önnur landnotkun en landbúnaður á landareigninni eða eru áform um breytta notkun landsins eða hluta þess, t.d. sem verslunar- og þjónustusvæði, frístundasvæði, afþreyingar- og ferðamannasvæði eða annars konar atvinnustarfsemi, og þá hvaða?

4. Er boðið upp á gistingu eða aðra þjónustu fyrir ferðamenn á landareigninni? Ef já, hvers konar þjónustu og hve mörg eru gistirúmin?

5. Eru áform um að reisa nýjar byggingar á landareigninni, t.d. orlofshús/sumarbústaði eða húsnæði fyrir atvinnustarfsemi?

6. Er skógrækt eða áform um skógrækt á landareigninni og þá hvar og á hve stóru landi?

7. Er framræst votlendi á landareigninni sem ekki er í landbúnaðarnotkun og mætti endurheimta til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?

8. Eru vatnsból á jörðinni sem nýtt eru og stendur til að nýta áfram? (Vinsamlegast skráið hnit vatnsbóla eða sendið ljósmynd af staðsetningu þess á kristin@landmotun.is)

9. Eru svæði eða staðir innan landareignar sem ástæða er til að vernda, t.d. vegna minja, lífríkis, vatnsnotkunar eða landslags?

10. Er þörf á að breyta skilgreiningu verndarsvæða innan þíns lands frá gildandi aðalskipulagi og þá hvernig?

11. Eru einhver svæði sem liggja undir skemmdum og brýnt er að skoða?

12. Eru göngu-, hjóla- eða reiðleiðir innan landareignarinnar sem ætti að sýna í nýju aðalskipulagi? Ef já, hvaða leiðir?

13. Eru göngu- eða reiðleiðir innan landareignarinnar í gildandi aðalskipulagi sem ætti ekki að sýna í nýju aðalskipulagi? Ef já, hvaða leiðir?

14. Eru efnistöku- eða efnislosunarsvæði á landareigninni sem stendur til að loka eða nýta áfram? Stendur til að opna ný efnistöku- eða efnislosunarsvæði? Hve mikið efni er áætlað að taka eða losa á svæðum (gömlum og nýjum)? (Vinsamlegast skráið hnit svæðaaafmörkunar eða sendið ljósmynd af staðsetningu þeirra á kristin@landmotun.is)

15. Hefur þú aðrar ábendingar eða athugasemdir sem gætu varðað aðalskipulagsgerðina eða þróun í sveitarfélaginu til framtíðar?

Takk fyrir þátttökuna!

This content is neither created nor endorsed by Google.

Google Forms